



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um frímínútnagæslu í grunnskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 24. september 2019 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvernig frímínútnagæslu er háttáð við grunnskóla borgarinnar og hvaða reglur gildi um slíka gæslu? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir skólum.

Svar:

Svara var aflað með því að senda spurningar til skólastjóra allra borgarrekinnra grunnskóla í desember 2019. Allir skólastjórar svöruðu spurningunum varðandi frímínútnagæsluna fyrir hönd sinna skóla. Sundurliðaðar upplýsingar um frímínútnagæslu eftir skólum fylgja sem fylgiskjal.

Fram kom að allir grunnskólarnir í Reykjavík eru með ákveðið fyrirkomulag og fylgja almennum skólareglum við frímínútnagæslu hvort sem nemendur eru inni í skólabyggingunni eða á skólalóðinni í frímínútunum.

Fyrirkomulag gæslu í frímínútum getur mótast af skipulagi skólastarfs og skólagerð. Yfirlit yfir skólagerðir grunnskóla borgarinnar er að finna í töflu 1.

Tafla 1. Allar skólagerðir almennra grunnskóla í Reykjavík

	Fjöldi	Hlutfall (%)	
1.-10.bekkur	22	61,1	
1.-7.bekkur	9	25,0	
1.-6.bekkur	1	2,8	Laugarnesskóli
			Réttarholtsskóli
8.-10.bekkur	2	5,6	og Hagaskóli
7.-10.bekkur	1	2,8	Laugalækjarskóli
4.-10.bekkur	1	2,8	Brúarskóli
Alls	36	100,0	

Skólastjórar voru spurðir hvaða starfsfólk sinni frímínútnagæslunni og eru það aðallega stuðningsfulltrúar, kennarar og skólaliðar sem það gera, sjá töflu 2.

Tafla 2. Starfsfólk skóla sem sinnir frímínútnagæslu

	Fjöldi skóla	Hlutfall (%)
Kennarar	33	91,7
Stuðningsfulltrúar	34	94,4
Skólaliðar	32	88,9
Aðrir	16	44,4

Í skólunum eru líka dæmi um að aðrir starfsmenn skólanna sinni frímínútnagæslunni. Eins og sjá má í töflu 3 hér neðar koma þroskaþjálfar, umsjónarmenn húsnæðis/húsvörðir og stjórnendur skólanna og ýmsir aðrir einnig að frímínútnagæslunni.

Tafla 3. Aðrir starfsmenn skóla sem sinna frímínútnagæslu

Rimaskóli	Starfsmenn félagsmiðstöðvar með unglungum
Foldaskóli	Skrifstofustjóri og uppeldismenntaður starfsmaður
Réttarholtsskóli	Stjórnendur og sérkennarar í námsveri
Klébergsskóli	Baðverðir, frístundastarfsmenn, húsvörður og stjórnendur í forföllum
Ártúnsskóli	Umsjónarmaður skólahúsnæðis, þroskaþjálfari og bókasafnsvörður
Dalskóli	stjórnendur, námsráðgjafi, frístundastarfsmenn
Fellaskóli	Bókasafnsfræðingur, þroskaþjálfari
Breiðagerðisskóli	Námsráðgjafi, þroskaþjálfari
Austurbæjarskóli	Þroskaþjálfari, atferliþjálfari, námsráðgjafi og skólastjórnendur
Laugarlækjarskóli	stjórnendur
Melaskóli	Húsvörður en ekki að staðaldri. Þá er skólastjóri reglulega úti í frímínútum.
Breiðholtsskóli	Þroskaþjálfari, húsvörður og stjórnendur
Húsaskóli	Aðstoðarskólastjóri
Sæmundarskóli	Ef það eru mikil veikindi/fjarvera fer umsjónarmaður húss og/eða skólastjórnendur út og sinna frímínútnagæslu
Melaskóli	Þroskaþjálfari
Klettaskóli	Þroskaþjálfari og atferliþjálfari

Skólastjórar voru spurðir hve mörgum mínútum á viku er varið í frímínútnagæslu í skólanum samkvæmt skipulagi skólans og af hvaða starfsmönnum skólanna. Svör allra skólastjóranna eru í töflu 4 hér neðar.

Tafla 4. Fjöldi mínútna á viku sem kennarar, stuðningsfulltrúar, skólaliðar og starfsfólks skóla sinnir frímínútnagæslu

	Stuðnings-				
	Kennarar	fulltrúar	Skólaliðar	Aðrir	
	Tími í mínútum á viku	Tími í mínútum á viku	Tími í mínútum á viku	Tími í mínútum á viku	Tími í mínútum á viku
Grunnskóli					
Austurbæjarskóli	2240	1420	200	240	4100
Árbæjarskóli	2280	1860	1320	700	6160
Ártúnsskóli	440	300	140	60	940
Breiðagerðisskóli	1920	1680	700	120	4420
Breiðholtsskóli	590	1970	700	250	3510
Brúarskóli	30	30	0	0	60
Dalskóli	850	925	650	110	2535
Fellaskóli	160	1940	60	120	2280
Foldaskóli	1410	1350	420	90	3270
Fossvogsskóli	790	1390	200	400	2780
Grandaskóli	500	530	120	0	1150
Hagaskóli	60	60	60	60	240
Hamraskóli	40	350	100	0	490
Háaleitisskóli	460	1120	900	40	2520
Háteigsskóli	90	1440	1140	0	2670
Hlíðaskóli	103	95,4	830	300	1328,4
Hólabrekkuskóli	590	1315	1000	75	2980
Húsaskóli	170	270	150	90	680
Ingunnarskóli	480	780	1360	250	2870
Kelduskóli	990	700	800	0	2490
Klettaskóli	8790	4860	0	4570	18220
Klébergsskóli	0	1225	405	530	2160
Langholtsskóli	1790	2590	1160	0	5540
Laugarlækjarskóli	820	0	1200	350	2370
Laugarnesskóli	0	700	200	0	900
Melaskóli	1070	530	760	0	2360
Norðlingaskóli	2460	1495	0	0	3955
Réttarholtsskóli	550	0	435	200	1185
Rimaskóli	940	3300	700	600	5540
Selásskóli	750	540	1380	300	2970
Seljaskóli	500	400	1000	0	1900
Sæmundarskóli	560	1530	1230	0	3320
Vesturbæjarskóli	480	1200	900	0	2580
Vogaskóli	720	2080	300	200	3300
Vættaskóli	800	1650	1860	0	4310
Ölduselsskóli	240	1250	1200	0	2690
Samtals mínútur	34663	42875,4	23580	9655	110773,4

Skólastjórar voru jafnframt spurðir á hvaða svæðum gæsla í frímínútum fari helst fram og er svörin að finna í töflu 5.

Tafla 5. Svæðin sem frímínútnagæslan fer fram á í skólanum

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Á skólalóð	31	86,1
Við innganga	28	77,8
Á göngum skólans	30	83,3
Á salernum	12	33,3
Í matsal	24	66,7
Í íþróttasal	3	8,3
Á öðrum stöðum	9	25

Í opnum svörum kom fram að í mörgum skólum eru starfsmenn sem sinna gæslu í frímínútum merktir eða klæddir sérstökum fatnaði. Einnig kom fram að í a.m.k. fimm skólum skipuleggja Vinaliðar leiki í frímínútum en ekki var spurt um það sérstaklega.

Tafla 6. Starfsmenn sem sinna frímínútnagæslu skóla í sérstökum klæðnaði ofl.

Austurbæjarskóli, Árbæjarskóli, Breiðholtsskóli, Foldaskóli, Fossvogsskóli, Grandaskóli, Hamraskóli, Háaleitisskóli, Laugarnesskóli, <i>Melaskóli*</i> , Norðlingaskóli, Sæmundarskóli, Vesturbæjarskóli og Vættaskóli	14	Starfsmenn klæðast gulum vestum
Klébergsskóli	1	Starfsmenn eru merktir í útigæslu
Ölduselsskóli	1	Starfsmenn nota talstöðvar í útigæslu
Ártúnsskóli, Hlíðaskóli, Ingunnarskóli, <i>Melaskóli*</i> og Seljaskóli	5	Vinaliðar skipuleggja leiki í útigæslu
Breiðagerðisskóli, Brúarskóli, Dalskóli, Fellaskóli, Hagaskóli, Háteigsskóli, Hólabrekkuskóli, Húsaskóli, Kelduskóli, Klettaskóli, Langholtsskóli, Laugalækjarskóli, Réttarholtsskóli, Rimaskóli, Selásskóli, Sæmundarskóli og Vogaskóli	16	Starfsmenn eru ekki í áberandi klæðnaði eða með annan búnað í frímínútnaútigæslu
Alls skólar	37	

*Melaskóli er tvítalin, er með vinaliða og starfsfólk í gulum vestum.